

Reykjavík, 31. maí 2021

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um hvítbók um byggðamál – drög að stefnumótandi byggðaáætlun til 15 ára og aðgerðaáætlun til fimm ára.

Afar ánægjulegt er að sjá drög að hvítbók um byggðamál til næstu fimmtán ára þar sem horft er nokkur ár fram í tímann. Eins og hvítbókin ber með sér felast helstu áskoranir og viðfangsefni á sviði byggðaðróunar í því hversu mjög íbúum hefur fækkað á einstökum svæðum, hversu missterkir innviðir landsins eru eftir landshlutum og svo má lengi telja. Mikilvægt er að styrkja landshlutana og tengja þá betur saman, svo sem með auknu samstarfi í stað sundurlyndis og samkeppni. Fjöldmörg tækifæri eru fyrir hendi til að laga stöðuna að einhverju leyti, samræma áherslur, styrkja innviði og auka samstarf innan stjórnsýslu og sveitarstjórna.

Afar ánægjulegt er að lesa um framtíðarsýn ráðuneytisins og það meginmarkmið að jafna aðgengi og tækifæri landsmanna að atvinnu og þjónustu. Til að ná því markmiði hafi íbúar landsins, ekki síst börn og ungmenni, aðgang að menningu, listum, íþróttum og öðrum tómstundum óháð búsetu og efnahag. UMFÍ tekur undir þessar áherslur.

Þjónusta og framboð um allt land

Í UMFÍ eru hundruð íþrótt- og ungmennafélaga um allt land og eru þau öll aðilar að íþróttahéraði á sínu landssvæði. Á sama tíma og aðgengi barna og ungmenna að íþróttum er nefnt í framtíðarsýninni þá eru vonbrigði að ekki séu ítarlegri útlistanir og áherslur í aðgerðaáætlun hvítbókarinnar. Framtíðarsýninni þurfa að fylgja aðgerðir til þess að hægt sé að uppfylla hana.

Tilvalið væri í þessu tilfelli að rjúfa hér múra – eins og nefnt var hér að framan – og mæta þessari framtíðarsýn ásamt markmiðum sem er að finna í íþróttastefnu mennta- og menningarmálaráðuneyti um eflingu íþróttahéraða. Það væri farsæl lausn og í takti við nútímann, sem kveður á um samvinnu.

Samvinna ráðuneyta um eflingu íþróttahéraða með það fyrir augum að jafna tækifæri barna og ungmenna til íþróttaiðkunar óháð búsetu og efnahag er lykillinn að farsælli framtíð.


Það er bjargföst trú okkar hjá UMFÍ að sterk íþróttahéruð geti styrkt skipulagt íþrótt- og tómstundastarf um allt land og verið lóð á vogaskálarnar við að draga úr fólksfækkun í smærri byggðarlögum. Ástæðan fyrir sú er að sterk íþróttahéruð með fólki sem umhugað er um nærsamfélagið styrkir byggðirnar og leitar lausna til að samræma og efla starfið á svæðinu. Skipulagt íþrótt- og tómstundastarf í heimabyggð eykur lífsgæði og styður við bættu lýðheilsu. Það er samfélaginu til góða.

Snúum bökkum saman fyrir samfélagið

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 28 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 7 ungmennafélög með beina aðild. Innan UMFÍ eru rúmlega 400 félög, að mestu íþróttafélög, um allt land.

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og til þess að aðstoða á fleiri stigum málsins ef þess er óskað. Allt sem leiðir til þess að gott verk verði enn betra.

Virðingarfyllst,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ